

Úfgeislar

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR

32. TBL. 7. ÁRG. APRÍL 1981



Sá sem deyr burtu af jörðu hér, þarf ekki að koma fram í betri stað. Hann kemur aðeins fram á skyldum stað en samstilltari.

Helgi Pjeturss

þyrilvetrarbraut, séð úr nálægð

(Sjá forsíðumynd)

Vitað er að umhverfis vetrarbraut okkar (og aðrar þyrilþokur) ganga kúlulaga stjörnuþyrpingar og mynda einskonar kórónu vetrarbrautarinnar. Frá þeim fjarlægustu þeirra myndi trúlega vera hægt að sjá raunverulega lögun vetrarbrautarinnar, en frá okkar jörð eι slíkt ekki hægt, því við erum staddir í einum armi hennar, þar sem aðeins er einstakar sólir að sjá til allra átta. En við getum séð aðrar vetrarbrautir, sem staðsettir eru i mikilli fjarlægð, en aðeins með sterkum sjónaukum.

Á meðfylgjandi mynd, sem listamaður hefur gert, er gert ráð fyrir sólhverfi stöddu í um 200 ljósára fjarlægð utan þyrilvetrarbrautar. Í því sólhverfi gerir hann ráð fyrir jarðstjörnu, byggðri mannlegum verum. (Í rauninni telja stjörnufræðingar að utan vetrarbrautar séu fáeinan stakar sólstjörnur á sveimi, svo að þetta getur vel staðist?) Pessi jarðstjarna hefur með sér eitt tungl. Einhver íbúi jarðstjörnunnar horfir til himins á dimmri nóttu og sér á flöt hinnar nálægu vetrarbrautarár. Hún er samt of langt í burtu, til þess að hann geti berum augum séð einstakar stjörnur hennar, en armar vetrarbrautarinnar blasa við í öllum sínum ljóma, og einkum þó miðja hennar, sem birtist sem víðáttumikið ljóshaf, svo unun er á að horfa. Vinstra megin á myndinni sést máninn, sem varpar birtu sinni yfir landslag reikistjörnunnar, en þar sjást einnig upplýst hýbýli íbúanna.

Á slíkri reikistjörnu, sem væri stödd í dimmum geimnum utan vetrarbrautarinnar, væri stjörnuskin að sjá aðeins í þessa einu átt. Því hvert sem litið væri í aðrar áttir út um geimdjúpin, væri ekkert að sjá nema myrkan himin, nema ef einhverjar vetrarbrautir væru það nálægt að greina mætti þær berum augum, rétt eins og er héðan af jörð, að því er snertir Magellan-þokurnar og Andromeduþokuna, sem er í tveggja milljóna ljósára fjarlægð, og því rétt aðeins greinanleg þeim, sem skarpasta hafa sjón, vegna fjarlægðarinnar.

Hitt er svo önnur saga, að mannkyn lífstjörnu, slíkrar sem hér var gert ráð fyrir, myndi engu síður hafa lífsambönd við íbúa annarra stjarna nær og fjær, vitandi vits (þú (alvítendí) hvaðan stöfuðu. — En vel mætti hugsa sér að mannkyn á slíkri aískekkttri stjörnu gæti notið fullkominna lífsambanda við lengra komna íbúa stjarnanna, og gæti þróast í lífstefnuátt, betur en okkur jarðarmönnum hefur tekist til þessa. Fjarlægðir frá öðrum stjörnum, myndi þar ekki vera til neinnar hindrunar.

Ingvar Agnarsson.

Myndin er fengin úr bókinni „Challenge of the Stars“, eftir Patrick Moore.

Ólafur Halldórsson, líffræðingur:

**YFIRLIT YFIR KENNINGAR
DR. HELGA PJETURSS**

Formáli

Flestir Íslendingar munu hafa heyrт dr. Helga Pjeturss getið, en hugmyndir manna um þær kenningar hans, sem mesta athygli hafa vakið eru oft mjög óljósar og gætir víða misskilnings á kenningum hans.

Dr. Helgi var menntaður sem jarðfræðingur og gat hann sér frægðarorð víða um lönd fyrir uppgötvanir sínar í jarðfræði fyrst á þessari öld. En eftir tiltölulega stuttan, en glæsilegan starfsferil sem jarðfræðingur skipti hann um rannsóknarefni og fór að reyna að grafast fyrir um eðli svefns og drauma.¹⁾ Aðstaða til slíkra athugana var mjög erfið, ekki síst vegna þess, að engin nothæf rannsóknartæki voru þá til að heita mætti, sem hægt væri að beita við slíkar athuganir. Varð dr. Helgi að styðjast annars vegar við rannsóknarniðurstöður annarra og hins vegar eigin athuganir á draumum, sem hann mun hafa framkvæmt af mikilli nákvæmni og samviskusemi. Þessi atriði, svo og ýmis önnur (sbr. yfirlitið) urðu svo undirstaða hinnar nýólsku heimspeki.

Rit dr. Helga Pjeturss eru mikil að vöxtum. Meginrit hans um heimspekileg efni eru í sex bindum (um 2000 bls.) Annað, sem eftir hann hefur birst á við og dreif, mun vera um tvöfalt meira að vöxtum samanlagt en fyrrnefndar bækur. Það er því nokkuð mikið verk fyrir fólk, sem langar — eða kannski bara hálflangar — til að kynna sér kenningar hans, að lesa sig í gegnum verk hans, jafnvel þótt megininntak kenninga

1) Sjá yfirlit yfir námsferil og sérstakt nám dr. Helga Pjeturss á bls. 55.

dr. Helga sé að finna í hinu fyrsta af fyrn nefndum sex bindum. Auk þess vantar þar þá uppröðun og skipulegu flokkun atriða, sem menn eru nú orðnir svo háðir. Það er staðreynd, að margt fólk telur sig ekki hafa tíma til (eða nennir ekki) að lesa rit hinna miklu hugsuða yfirleitt, enda eru þau jafnan mikil að vöxtum.

Hversu margir núlifandi þjóðverjar skyldu t.d. hafa lesið rit Kants, Hegels eða Marx til hlýtar? Áreiðanlega mjög fáir. Það er að vísu rétt, að dr. Helgi ritar skýrt og ljóst mál og vefur kenningar sínar ekki ill-skiljanlegu málskrúði, eins og sumum heimspekingum er svo tamt að gera (t. d. Hegel).

Í ljósi þessa mun hér á eftir reynt að draga saman og flokka niður meginþætti kenninga dr. Helga í sem allra stytzu máli í þeirri von, að einhverjir, sem telja sig hafa tíma til að lesa slíkt yfirlit, en ekki hin miklu rit dr. Helga, fái þá frekar löngun til að kynna sér þau nánar að loknum lestri yfirlitsins.

Eftirfarandi útdráttur eða yfirlit gefur að sjálfsögðu alls ekki fullnægjandi mynd af kenningum dr. Helga. Allar tilraunir til að endursega eða stytta skrif hans dæmast óhjákvæmilega til að verða litlausar skuggamyndir af þessum stórbrotnu verkum.¹⁾ Vonast ég samt til, að menn geti fengið einhverja hugmynd um megininntak kenninga dr. Helga með hjálp yfirlits þessa og að það gefi sem réttasta mynd af innihaldi þeirra.

Eftirtaldir aðstoðuðu við gerð og útgáfu yfirlitsins með prófarkalestri, vélritun handrits og fl.: Elsa G. Vilmundardóttir, Ingvar Agnarsson, Haukur Matthíasson, Þorsteinn Guðjónsson, Auður Sigurðardóttir, Egill Einarsson, Einar G. Torfason, Gísli Haraldsson, Hall-dór Stefánsson, Margrét Kristjánsdóttir, Moritz Sigurðsson, Sigurður Þórir Sigurðsson, Svanhvít Björg-vinsdóttir, Ragnheiður Ingvarsdóttir.

1) Við samningu þessa yfirlits nota ég jöfnum höndum orð dr. Helga sjálfs og eigin endursagnir og jafnvel ritgerðir annarra nýalssinna (Trúarbrögð í ljósi Nýalsfræða eftir Helga Guðlaugsson og fl.). Þá er niðurskipan efnisins og tilraun til að setja kenningar dr. Helga í ákveðinn sess innan heimspeki og vísinda algjörlega á mína ábyrgð.

Hefur fólk þetta lagt fram ómetanlegan skerf við gerð yfirlitsins — lagfært veilur, bent á ýmislegt sem gleymst hafði að minnast á o. fl. Pakka ég öllu þessu fólkis ómetanlega hjálp.

Ólafur Halldórsson.

Viðfangsefni og markmið nýalskrar heimspeki

Viðfangsefni hinnar nýölsku heimspeki.

Viðfangsefni hinnar nýölsku heimspeki er hið sama og viðfangsefni heimspekistefna yfirleitt: staða mannsins í heiminum og eðli og lögmál ferla¹⁾) og fyrirbrigða heimsins.

Markmið hinnar nýölsku heimspeki.

Markmiðið er að beita rannsóknaraðferðum náttúrvísindanna til að kanna eðli þeirra fyrirbæra, sem náttúrvísindin hafa fram til þessa að mestu leitt hjá sér og hafa aðallega verið viðfangsefni dulfræðanna — þ.e., lífsambandið í víðasta skilningi.²⁾ Annað meginmarkmiðið er síðan hagnýting þessarar vitneskju mönnum til heilla.

Almenn og sértæk lögmál hinnar nýölsku heimspeki

Áður en farið er að ræða lögmál hinnar nýölsku heimspeki er rétt að minnast á þann mun, sem er á vísindalegum og heimspekilegum kennisetningum. Á bak við vísindalegar kenningar liggur tilraun, — staðfesting. Það er þó ekki nema í fáum tilvikum, sem litið er á slíkar kenningar sem endanlegan sannleika. Í

1) Ferill: órofa atburðarrás orsaka og afleiðinga.

2) Hugtakið lífsamband mun vera framandi í augum margra, en vonandi skýrist merking þess smám saman, eftir því, sem á lestur yfirlitsins líður.

þeim tilvikum, sem það er gert, er talað um lögmál (t.d. lögmálið um aðdráttaraflið). Hliðstæðar heimspeki-legrar kennisetningar eru hins vegar annars eðlis. Þær eru almennari og víðtækari en þær vísindalegu og byggja ekki eingöngu á reynsluniðurstöðum vísindanna, heldur einnig á rökhusun — röksemdafærslum.

Heimspekilegar kenningar og lögmál geta verið á ýmsum stigum, hvað varðar stuðning frá vísindunum. Svo er einnig um kennisetningar hinnar nýólsku heim-speki. Sumar þeirra eru nánast hrein-heimspekilegar (sbr. Neysis-lögmálið hér á eftir), en aðrar hafa fengið töluverða og jafnvel allt að því algjöra staðfestingu til-raunavísindanna (sbr. t.d. lögmálið um lífgeislan og stillilögmálið hér á eftir).

1. *Sértæk lögmál.*

a. Lögmálið um lífgeislan (bioradiation).

Samkvæmt þessu lögmáli geislar sérhver lifandi vera frá sér nokkurs konar krafti eða orku, sem berst yfir til annarra lífvera. Allar lífverur hafa með þeim hætti áhrif á aðrar lífverur og verða fyrir áhrifum frá öðrum lífverum. Ekki er vitað, með hvaða hætti þessi lífgeislan berst; ekki hefur tekizt að sýna fram á, að hún berist með rafsegulbylgjum. Lífgeislan kemur fram í ýmsum myndum, svo sem hugsamband (sbr. síðar).

b. Lögmálið um víxlmagnan (bioinduction).

Petta lögmál er í beinu framhaldi af lögmálinu um lífgeislan.

Samkvæmt lögmálinu um víxlmagnan leitast sérhver lífvera við að framleiða sjálfa sig — eða á-stand sitt — í öðrum lífverum — þannig getur t.d. hugur eins manns framkallast (inducerast) í öðrum. Hér er um að ræða n.k. samstillingu líf-starfa lífveranna (þ. á m. taugakerfanna), sem verður þá fyrir tilstilli lífgeislunarinnar. Víxlmagnan kemur m.a. fram sem sýnir, hugskeyti og því um líkt. Hafa verður þó í huga, að víxlmagnan getur takmarkast af vissum þáttum (sbr. Neysislögmalíð hér á eftir).

c. Nevsis-lögmálið.

Hinar ófullkomnari lífmyndir (í viðasta skilningi) geta ekki nálgast hinar fullkomnari (eða haft frumkvæði um samband (lífsamband) við þær), heldur verða hinar fullkomnari að nálgast þær ófullkomnari. Geislunin frá hinum fullkomnari lífmyndum leitast við að framleiða sjálft sig í hinu ófullkomnari myndum efnisins eða móta það eftir sér. Petta gerist ekki þegar í stað, heldur fyrir þróun — þ.e., hið fullkomnara hrindir því ófullkomnara fram á leið verðandinnar¹⁾ (breytิþróun fer að eiga sér stað) og kemur fram sem kraftur í ýmsum myndum. Magnast þá hið ófullkomnara smám saman með sífellt meiri „hraða“ (sbr. Androme-lögmál-ið) og fer að taka breytingum.

d. Anadrome-lögmálið.

Þegar ófullkomnari myndir efnisins verða fyrir geislandi krafti frá fullkomnari myndum, magnast þær lengra og lengra með sífellt meiri „hraða“. Sífellt margbreytilegri aflmyndir koma fram og því lengra, sem magnanin er komin, því fullkomnari afltegund getur hið magnaða tekið við (þ.e., við mögnun hins ófullkomnara fyrir tilstilli þessa geislandi krafts á sér stað eðlisbreyting á því (hinu ófullkomnara) — skipulag efnisins verður sífellt margbreytilegra og „flóknara“ og getur þá um leið tekiað við og geislað frá sér fullkomnari afltegundum en áður (t.d. geta bæði dauðir hlutir og lifandi efni gefið frá sér rafmagnsstraum, en aðeins lifandi efni lífgeislun)).

e. Lögmálið um hugsamband sem orsök drauma.

Hér er reyndar um að ræða nánari útlistun á einu afmörkuðu atriði, sem felst í a) og b) hér að framan. En þetta er það mikilvægt atriði nýalskrar heimspeki, að rétt er að nefna það alveg sérstaklega sem sjálfstætt lögmál.

1) Verðandi: sampil orsaka og afleiðingakeðju efnisins innan tíma og rúms.

Samkvæmt þessu lögmáli eru draumar þannig til komnir, að sofandi maður kemst í hugsamband við vakandi mann (sem oftast er íbúi annarrar plánetu, þar eð í mjög mörgum tilvikum er um eitthvað það að ræða í draumum, sem ekki er hægt að heimfæra upp á okkar jörð). Skynjanir og hugsanir þess vakandi (draumgjafans) framkallast þá í heila hins sofandi. Yfirleitt finnst fólkí það kannast við persónur og umhverfi, sem fyrir það ber í draumum þeirra. Petta skýrir dr. Helgi Pjeturss þannig: Ef draumlíf mitt er vökulíf annars manns, draumgjafans, þá á það, sem mér þykir í draumi vera mitt útlit, að vera frábrugðið því sem er í raun og veru; því það sem mér þykir í draumi mitt útlit, er þá hugmynd annars manns, draumgjafans, um sitt útlit.

Í svefni og sérstaklega draumaástandi á sér jafnframt stað aðsend magnan eða hleðsla taugakerfisins. Niðurstöður rannsókna á svefni hafa staðfest þetta atriði. Skv. þeim má skipta svefnástandi niður í two þætti: annars vegar s.k. REM-svefn, sem einkennist af svipuðum rafbylgjum frá heila og gerist í vöku og einnig hröðum augnhreyfingum hins sofandi, en af því er nafnið einmitt dregið (REM: rapid eye movement (hraðar augnhreyfingar)). Hins vegar NREM-svefn — þ.e., sá hluti svefnástandar, þegar augnhreyfinga verður ekki vart og rafvirkni heilans er tiltölulega lítil. NREM-svefn tekur yfir meginhluta svefnástandar. REM-svefn hefur reynst koma fyrir hjá öllum þeim dýrum með jafnheitt blóð (spendýr, fuglar), sem rannsókuð hafa verið. Draumar virðast eingöngu eiga sér stað í REM-svefni. Sé maður (eða dýr) sviptur REM-svefni (þ.e., vakinn í hvert skipti, sem REM-svefn hefst), fer að bera á ýmsum geðrænum truflunum. Það er sem sagt REM-svefninn eða draumasvefninn, sem er hinn ómissandi hluti svefnástandar og kemur það heim og saman við kenningar dr. Helga Pjeturss um þetta efni.

f. Stillilögmölið (law of determinants).

Skv. þessu lögmöli mynda lífveruhópar ákveðna heildarsamstillingu hópsins eða afslvæði. Lífsamband hvers og eins innan hópsins ákvarðast að verulegu leyti af þessu afslvæði. Skv. þessu stillast menn t. d. til ákveðinna staða (og einstaklinga) í draumum sínum fyrir áhrif frá umhverfi sínu og þeim, sem þeir umgangast.

g. Hið almenna þróunar�ögþálsins.

Í heild er um að ræða þróun til sífellt fullkomnari samstillingar hins lifandi efnis. Fyrst var aðeins um samstillingu einstakra frumna (prótózóon) að ræða, síðan samstillingu fjölfrumunga (metazóon) — bæði innbyrðis og samstilling milli fjölfrumunga og að lokum fullkomín samstilling fjölfrumueinstaklinga í einni lífheild (þar sem þessir einstaklingar mynda nánast eina heildarlífveru hyperzóon — þar sem hver einstaklingur heldur þó fullkomlega eigin sjálfsvitund og séreinkennum). Þetta er í samræmi við þá mynd, sem nútíma líffræði gefur, svo langt, sem hún nær (sbr. mynd bls. 47).

Samstilling¹⁾ lífsins ákvarðar þróunarstefnu þess á hverjum stað fyrir sig. Þar, sem samstilling fer vaxandi, er um að ræða framþróun (lífstefnu). Þar, sem samstillingin mistekst, er um að ræða „öfugþróun“ (helstefnu) — hverfur þá hinn magnandi kraftur — bæði frá hinum lifandi verum og líflausri náttúrunni.

2. *Almenn lögþáls.*

Hið almenna lögþáls eða meginkennisetning hinnar nýolsku heimspeki er á þá leið, að allir efnishlutir hafi áhrif hver á annan í víðasta skilningi — þ.e., að samband eigi sér stað á milli þeirra. Getur þetta samband verið á ýmsum stigum; er lífsamband (samband milli lífvera) fullkomnasta mynd þessa sambands, er við

1) Samstilling: samverund eða samvitund (líftengsl) lífvera fyrir tilstilli sambands þeirra á milli fyrir tilverknad lífgeislunar. Slík samstilling er ekki talin háð fjarlægðum.

þekkjum, og er sú mynd í mörgum þróunarstigum. Stefnt er að sífellt meiri fullkomnun lífs og lífsambands. Því fullkomnari, sem samstillingin er, í því ríkara mæli verður máttur heildarinnar í hverri eind og hverjum einstaklingi — lífskraftur allra í einum og eins í öllum.

Heimsmynd hinnar nýölsku heimspeki

1. *Uppruni heimsins.*

Öll náttúrulögðmál eru fram komin fyrir nokkurs konar hleðslu eða magnan hins ófullkomna fyrir tilstilli alkraftarins (verundarins).¹⁾ Saga heimsins er magnanarsaga. Alkrafturinn magnar hið líflausa með geislandi krafti og koma fram sífellt margbreytilegri aflmyndir og efnið magnast og fer að taka breytingum; aðdráttaraflið verður til, hiti og ljós, heimsþokurnar verða til og sólhverfin. Seinna kemur geislunin frá hinu fullkomna (alkraftinum) fram sem líf á hinum kólnandi hnöttum.

2. *Tilkoma lífsins.*

Lífið er fyrst upp komið fyrir lífgeislan frá alkraftinum; geislandi kraftur snéri hinu líflausa efni — fyrst til ófullkomnari lífmynda, sem síðan þróuðust áfram og fóru að verða fyrir áhrifum frá líkum lifandi verum á öðrum hnöttum og vaxa áleiðis að því að verða hugsandi vera, sem meir og meir getur fengið þátt í stjórn heimsins.

Hér er sem sagt gert ráð fyrir, að lífið hér á jörðu, sem á öðrum byggðum hnöttum, hafi orðið til vegna áhrifa annars staðar frá.

Rétt er að minnast hér lauslega á þær hugmyndir, sem nú eru ráðandi innan líffræðinnar um uppruna lífs á jörðu.

Mestu fylgi eiga að fagna kenningar þær, sem I. A.

1) Alkrafturinn er eins konar frumkraftur, sem magnar upp hið líflausa efni með einhvers konar geislandi krafti. Í Nýal er alkrafturinn einnig nefndur verundur, frumkraftur, æðsta vera eða hyperzóon. Frumkrafturinn stafar frá alsamstilltum lífverum.

Oparin er upphafsmaður að og gera ráð fyrir s.k. efnafræðilegu upphafi lífrænna efna og síðan lífvera án beinna utanaðkomandi áhrifa (10). Yfirleitt hallast menn að því, að um „tilviljanabundna atburðarás“ hafi verið að ræða, en aðrir leggja áherzlu á, að þau frumefni, sem upphaflega voru til staðar við yfirborð jarðar, svo og aðstæður allar, hafi gert þróunina úr líflausu efni í lífrænt óhjákvæmilega. Greinir menn á um ýmis atriði varðandi þetta.

Einn veikasti hlekkurinn í kenningum þessum mun vera skýring þeirra á því, *hvernig lífverur mynduðust út frá lífrænu efni*, en það er að sjálfsögðu meginatriði viðfangsefnisins. Varðandi tilkomu lífveranna gerir dr. Helgi Pjeturss einmitt ráð fyrir beinum utanaðkomandi áhrifum, svo sem fram hefur komið.

Aðrar kenningar eru til um uppruna lífs hér á jörðu, svo sem að frumstæðar lífverur (frumur) hafi borizt hingað með loftsteinum, en sú kenning skýrir hins vegar ekki uppruna eða tilurð þeirra lífvera.

**Æðri lífheild samsett úr fjölfrumungum
með vefjaskipulagi/hyperzoon/**

Fjölfrumungar með vefjaskipulagi/metazoon/

Frumur/protozoon/

Lífræn efnasambönd

Sameindir

Fru meindir

PRÓUN EFNIS. Í samræmi við vísindi nútímans, nema hvað eftsta stigið (hyperzoon) er tillag frá nýalskri heimspeki og enn sem komið er ekki viðfangsefni vísindamanna (almennt).

3. *Próun jarðlífs.*

Lífið hefur um milljónir alda streymt fram á þessari

jörð í fjölbreyttum myndum, án þess að sambandið hafi nokkru sinni slitnað. Svo ólíkan svip, sem jarðlífíð hefur haft hér á jörðu á hinum ýmsu jarðöldum, þá er þó alltaf um foreldri og niðja að ræða, kynslóðasambandið óslitið.

Hin afar fjölbreyttu dýr og jurtir eiga fyrir forseður verur, sem aðeins voru ein ófullkomin fruma, og nefna mætti fyrstlinga. Fyrir það, að frumurnar héldu ekki áfram að einangrast, þegar þær skiptust, heldur gerðu með sér nokkurs konar félag eða samband fyrst, hefir hinn örsmái fyrstlingur átt niðja fjölfrumunga, slíka sem skógartréni, hvali, fíla, menn o.s.frv. Fjölfrumungarnir stefna aftur til enn merkilegra sambands en einfrumungarnir — þ.e., fullkomnu lífsambandi milli hnatta.

En lífið hér á jörðu er fyrirtæki, sem ekki er farið að heppnast ennþá, og er hér bæði þjáðst og lifað spillilífi, sem virðist jafnvel aukast, því ofar sem komið er í þróunarstigann. Í gegnum þróunarsögu mannsins hefur t.d. verið þjáðst margfaldlega meir en um allan aldur lífsins áður, sem gera má ráð fyrir, að sé a.m.k. þúsundfaldur aldur mannkynsins. Svo að tekið sé eitt dæmi, þá fæða konur afkvæmi sín með meiri þjáningum en dæmi eru til annats staðar í dýraríkinu. Eftir að mannsstiginu er náð, heldur þjáningin áfram að aukast, meðan helstefna ræður og ekki er rétt stefnt. Hið raunverulega takmark með tilveru mannsins (og annarra lífvera) hér á jörðu er myndun einnar lífheildar hér (hyperzón).

4. *Samband lífs í alheimi.*

Fyrir tilstilli samstillingar lífvera og lífsambandsins á sér stað mjög víðtækt (altækt) samband á milli lífvera alheimsins. Petta samband er hvorki háð tíma né rúmi. Einnig kemur það fram í hinum ýmsu myndum — allt frá hinum geislandi krafti hinna æðri lífheilda til sambands á milli einstakra einfrumunga (en sovét-menn hafa nú með tilraunum ótvíráett sýnt fram á fjar-samband á milli einfrumunga).

Þetta samband lýsir sér m.a. í ýmis konar áhrifum sem lífverur verða fyrir hver frá annarri.¹⁾

Mætti þar nefna til hugsamband (telpati), en nú hefur ótvírætt verið sýnt fram á, að hugsamband á sér stað á milli manna (7). Hugsamband felst í því, að hugsun eins manns (eða tilfinning) framkallast í öðrum manni. Lífsambandið í alheimi opinberast mönnum með merkilegum hætti í draumum, en þegar mann dreymir, er hann í hugsbandi við annanmann, sem oftast er staðsettur á öðrum hnetti, og framkallast þá hugsanir og skynjanir draumgjafans (þess, sem er vakandi) í vitund þess, sem dreymir (sbr. bls. 62). Pessi skýring á eðli drauma er veigamikill þáttur í kenningum dr. Helga Pjeturss og gefur hún hverjum og einum í raun tækifæri til að framkvæma athuganir á vissum þáttum kenninga hans — þ.e., með sem nákvæmustum rannsóknum á eigin draumum. Ekki er úr vegi að birta hér einfaldan leiðarvísí varðandi draumaathuganir, sem birtist í Félagsblaði Nýalssinna (3), ef hann mætti verða til að auðvelda þeim, sem áhuga hafa á draumarannsóknum að yfirstíga byrjunarörðugleika:

- A. Frásögn (nauðsynlegt er að rifja drauminn upp og skrifa hann niður *strax* eftir að vaknað er).
- B. 1. Var atburðarásin heilleg og í samhengi?
2. Gerðist draumurinn í kunnugu umhverfi og þekktirðu fólkis? Var fólkis, atburðirnir eða hlutirnir á einhvern hátt óeðlilegt?
3. Var draumurinn skýr?
4. Var draumurinn í litum?
5. Heyrðirðu hljóð?
6. Voru áhrif draumsins þægileg eða óþægileg?


1) T.d. orsaka fjaráhrif eins manns á annan, breyttan blóðþrysting, breytingu í rafvirkni heilans o. fl. Sá, sem fyrir áhrifum verður, gerir sér ekki nærrí alltaf grein fyrir þeim. Slík fjaráhrif eru jafnvæl talin geta haft bein áhrif á líkamlega heilsu manna, þar eð þau hafa áhrif á tilfinningalífið. En tilfinningar manna hafa ýmis mikilvæg áhrif á líkamsstarfsemina, s.s. fjölda hvítra blóðkorna (og þar með á getu einstaklinga til að verjast ýmsum sjúkdómum) o. fl. áhrif, sem sum eru vel þekkt.

- C. 1. Vissirðu í draumnum, að þig var að dreyma?
2. Sástu sjálfan þig í draumnum? (Ekki er óal-gengt, að menn segist hafa séð sig í spegli í draumum og er það yfirleitt talin fremur óþægi-leg reynsla. Fullyrða menn yfirleitt, að það hafi ekki reynst vera spegilmynd þeirra sjálfrá, þegar betur var að gáð, heldur ókunnugt andlit — jafnvel annars kyns! Finnst mönnum þetta býsna ónotalegt, ekki sízt, séu þeir í einhverjum kynnum við sálfræðikenningar Freuds (en fyrrnefnd upplifun í draumi gæti þá bent til einhvers konar „sálarkomplexa“), en leggi menn sama skilning í drauma og dr. Helgi Pjeturss, þýðir fyrrnefnd reynsla einungis, að draumgjafinn, sem varð það á að líta í spegil, hafi verið annars kyns en dreymandinn).

Gert er ráð fyrir, að miðilssvefn (trans) sé í sjálfu sér svipað fyrírbæri og venjulegur svefn og að þeir, sem miðilsfundina sitja, stilli miðilinn til ákveðinna sambanda og fáist þá um leið öflugra samband en þegar um venjulega drauma einstaklinga er að ræða. Það lýsir sér m.a. í því, að sá sem miðillinn er í hugsambandi við (sambandsgjafinn) getur talað í gegnum miðilinn.¹⁾

Dr. Helgi Pjeturss telur, að á miðilsfundum sé oftast um að ræða samband við framliðna íbúa þessarar jarðar. Er þar komið að mikilvægu atriði hinnar nýölsku heim-speki, en það er kenningin um, að menn flyttjist til annarra hnatta eftir dauðann hér og öðlist þar nýjan líkama. Orða mætti þessa kenningu þannig: við dauða manna streymir frá þeim orkumynztur (lífgeislan), sem hefur að geyma fullkomnar upplýsingar um alla byggingu og eiginleika mannsins (orkumynztur þetta mun vera í nánum tengslum við lífaflsvæði líkamans, sem nánar er getið um í síðasta kaflanum. Petta orkumynztur berst síðan til annars hnattar, þar sem líf er fyrir

1) Gert er ráð fyrir, að þeir, sem miðilsfundinn sitja, stilli miðilinn til ákveðinna sambanda í samræmi við eðli þess afslsvæðis, sem á fundinum myndast.




Andromedra-vetrarbrautin.

og sem samsvarar sem bezt orkumynstrinu. Þar myndast síðan nýr líkami, byggður á upplýsingum orkumynztursins. P.e., menn flytjast eftir dauðann til staðar, þar sem fyrir eru mannverur sem líkastar þeim framliðna í hugsun o. fl. — Samstilling lífsins á þeim stað „höfðar mest til“ eða dregur bezt til sín orkumynztur hins framliðna (sbr. stillilögþálið). Petta er í beinum tengslum við lögmálið um víxlmagnan.

Hér er sem sagt gert ráð fyrir, að nýr líkami myndist fyrir tilstilli upplýsinga um samsetningu gamla (upprunalega) líkamans, sem verður þá eftir. Önnur hlið kenningarinnar um slíka flutninga er, þegar líkami (eða annar hlutur) hverfur á einum stað og myndast á öðrum (hamfarir). Verður að gæta þess vel, að blanda þessu tvennu ekki saman. Dr. Helgi Pjeturss gerir ráð fyrir, að slíkur ferðamáti sé algengur á framlífsstöðum (framlífsstaðir: hnettir, sem menn flytjast til eftir dauða sinn á *frumlífshnöttum*. Á frumlífshnöttum (t. d. jörðinni) verða menn fyrst til og telur dr. Helgi Pjeturss að það sé þetta, sem gerist (þ.e., hamfarir) þegar t.d. líkamningar birtast á miðilsfundum.

Eitt þeirra atriða, sem e.t.v. gefa vísbendingu um, að slíkir efnisflutningar eða hamfarir geti átt sér stað, er hinn þráláti orðrómur um fljúgandi diska. Ótölulegur fjöldi skjalfastra lýsinga sjónarvotta á fljúgandi diskum er til frá a.m.k. flestum löndum heims.



Petta eru tvær af þeim myndum, sem stjörnufræðingurinn J. Allen Hynek befur valið til birtningar í bók sinni „The UFO-Experience“. „Skært næturljós“. — Parna er greinilegt afslsvæði að myndast (til hægri) og er það einna líkast rafsegli, en líklegt er, að slík lífafslsvæði séu einatt undanfari þess, að flugdiskafyrirbæri myndist.

Til er fjöldinn allur af ljósmyndum, sem eiga að sýna fyrirbæri þessi. Gallinn er bara sá, að trúlega er engar myndir auðveldara að falsa en flugdiskamyndir. Slíkar myndir hafa því ekkert gildi, nema jafnframt sé um að ræða vitni.

Í lýsingum sjónarvotta af fljúgandi diskum er óskýrra útlína þeirra og misjafns þéttleika oft getið. Er þetta í samræmi við fyrrgreindar skýringartilraunir á flugdiskafyrirbærinu og hliðstætt lýsingum á myndun og hvarfi líkamninga á miðilsfundum (12).

Hér mun rétt að minnast á skýringar dr. Helga Pjeturs á vissum tegundum geðveilu svo sem ofsóknaræði (paranoia), móðursýki (hysteria) og geðklofa (schizophrenia). Pessa sjúkdóma telur hann vera sambands-sjúkdóma — þ.e., að þeir eigi rætur sínar að rekja til fjarsambands — þannig, að sá sjúki komist í það náið og varanlegt samband við annan einstakling (fyrr til-stilli hugsambands), að hann rugli saman sinni eigin vitund og vitund draumgjafans — verði samsála honum. Reyndar flokkast paranoia, geðklofi og nokkrar

aðrar tegundir geðsjúkdóma undir sjúkdóma óþekkts eðlis (11).¹⁾

Flest fólk mun hafa einhverja reynslu af þessu ástandi, þ.e.a.s. í martröðum. Martraðir enda yfirleitt á þann hátt, að dreymandinn vaknar til eigin vitundar, áður en sambandið við draumgjafan rofnar og er þannig samsála honum um stund. Petta er einkar óþægilegt ástand og erfitt að greina í sundur eigin vitund og vitund draumgjafans. Mætti fólk af því marka, sé þessi kenning dr. Helga Pjeturss rétt, hver líðan ýmissa geðsjúklinga muni vera.

Í sambandi við fyrrgreind atriði varpaði dr. Helgi fram ýmsum hugmyndum um nýjar læknisaðferðir, þar sem gengið er út frá þessum nýju skýringum á viðkomandi sjúkdómum. Ekki verður farið nánar út í þá hluti hér, en ekki er að vita, nema endurbæta mætti meðferð til lækninga þessara sjúkdóma, væri höfð hliðsjón af fyrrnefndum hugmyndum dr. Helga Pjeturss um eðli þeirra.

Meginþátturinn varðandi efni þessa kafla — samband lífs í alheimi — er annars í nánum tengslum við lokatakmark og markmið eða tilgang heimsins, og verður nánar rætt um það hér á eftir.

5. Guðshugmyndir manna og guðir sem fyrirmynndir manna.

Guðshugmyndir manna grundvallast á vitsambandi við verur á öðrum hnöttum. Petta vitsamband (aðal-

1) Nú nýverið hafa vísindamenn í fyrsta skipti, svo ég viti til, sett sjúkdóm, óþekkts uppruna í samband við fjarhrif. Er hér um að ræða barnsjúkdóm, sem gengur undir nafnninu SIDS (sudden infant death syndrome (skýndileg dauðaeinkenni á börnum)) og er banvænn. SIDS verkar þannig, að viðkomandi börn deyja skyndilega í svefni — venjulega sex vikna til sex mánaða gömul — að því er virðist af engri sérstakri ástæðu. Orsakir SIDS hafa fram að þessu verið algjörlega óþekktar. Hefur sú tilgáta nú komið fram, að orsök SIDS sé sú, að ungbörn komist í fjarhrifasamband við dauðasjúkt barn og deyi þannig úr hjartaslagi af völdum fjarhrifanna, þar eð gert er ráð fyrir, að ungbörn hafi ekki mikla móttöðu gegn sterkum fjarhrifum. (8).

lega einstakra, sambandsnæmra manna) getur komið fram í ýmsum myndum og í rás sögu mannsins hefur þetta vitsamband og það, sem menn hafa orðið varir við fyrir tilstilli þess, ætíð verið meira og minna rangtúlkað og misskilið. En vegna þessa vitsambands munu hugmyndir manna um guði vera komnar. Samkvæmt því eru guðirnir íbúar annarra hnatta (venjulega miklu lengra komnir en jarðarbúar, hvað varðar vit og allan þroska).

Kalla má guðina fyrirmyn dir manna. Sambandið við fyrirmyn dirnar getur verið meira eða minna, og er mikilvægt, að sem mest samband sé við góðar og háþroskaðar verur (samband við slæmar verur er einnig möguleiki, sem er því miður allt of algengur raunveruleiki hér á jörð).

Lengra komnar verur á öðrum hnöttum (guðir) eru sem sagt fyrirmyn dir manna; hinn geislandi kraftur hefur þar, sem mennirnir eru, leitast við að skapa sér ham (líkama), sem líkist guðnum. Í orðatiltækinu um, að takmark mannsins sé að vera líkur guði, kemur fram sú sama hugsun, sem lýsir sér, þegar sagt er, að maðurinn sé eftirmyn (eftirlíking) fyrirmyn darinnar.

6. Tilgangur heimsins.

Lífið er stöðug leit eftir auknu sambandi til þess að geta stöðugt lífgað við hið líflausa og náð því undir sín lögmál. Tilgangurinn var sá, að vaxa fram til ávallt fullkomnara sambands við æðri lífheildir annars staðar í alheimi, unz allur heimur er orðinn að lifandi alfullkominni veru (hyperzón). En til að þetta geti orðið, þarf að vera samband á milli lífsins á hinum ýmsu stjörnum.

Eins og stefnt er til sambands milli þúsunda milljóna af frumum, þannig er stefnt til sambands milli þúsunda milljóna af frumufélögum. Og veran, sem kemur fram, mun verða ótrúlega miklu merkilegri, en eðli hvers einstaks frumufélags, hvers einstaks manns virðist gefa ástæður til að ætla að orðið gæti. Pað er stefnt til sambands milli alls hins óumræðilega fjölda af lifandi verum í óteljandi sólhverfum og vetrarbrautum. Og einstaklings-

eðlið mun ekki hverfa, heldur fullkomnast fyrir sambandið.

Hugmyndafræðilegur grundvöllur nýalskrar heimspeki


1. Sögurlegur grundvöllur.

Sögulega séð eiga kenningar dr. Helga Pjeturss sér fjórar meginuppsprettur: forn-grískra heimspeki, heimspeki nýaldar, náttúruvíindi nútímans og einnig s.k. sálarrannsóknir og spíritisma nútímans (þ.e. dulræn fræði) — sbr. skema bls. 56. Þrjú fyrstu atriðin eru hinn eiginlegi grundvöllur nýalskrar heimspeki — hið síðast nefnda er rannsóknarvettvangur ásamt ýmsu fleiru — t.d. draumum).

Hin nýalska heimspeki kemur fram á miklum umbyltingatímum — bæði þjóðfélagslega séð og hvað varðar framfarir í náttúruvíindum. Hún kemur fram á tímum nýrra hugmynda, þegar eldri reynsla og þekking eru endurskoðuð í ljósi nýrra uppgötvana innan ví sindanna.

Tvímælalaust hafði dr. Helgi Pjeturss gott vegenesti sem höfundur nýrrar hugsunar á grundvelli eldri þekkingar og reynslu manna. Hann hafði mjög góða þekkingu á sögu heimspeki og náttúruvíinda og var sjálfur með merkari ví sindamönum síns tíma. Hann hafði flesta þræði eldri þekkingar í hendi sér og stóð um leið föstum fótum í nútímanum.¹⁾

1) Hér mun rétt að gera grein fyrir námsferli og sérstöku námi dr. Helga Pjeturss: Menntun: Stúdentspróf frá lærða skólanum í Reykjavík 1891. Nám við Kaupmannahafnarháskóla frá 1891. Aðalnámsgreinar: jarðfræði og dýrafræði. Cand. Mag. próf árið 1897. Nám við læknaskólann í Reykjavík veturninn 1900—1901. Doktorsritgerð um jarðfræði Íslands 1905 (Om Islands Geologi). Rannsóknir: Stundaði rannsóknir á sviði náttúrufræði (einkum jarðfræði), málfræði, sögu trúarbragða, sálfræði, parasálfræði o. fl. Setti fram ýmsar kenningar sem niðurstöður rannsókna sínna (2).



Meginuppsprettta kenninga dr. Helga Pjeturss

Ef það gæti orðið til að gefa lesendum eitthvað skýrari mynd af sögulegum grundvelli nýalskrar heimspeki, má nefna hér örfáa þeirra manna, sem dr. Helgi studdist ekki hvað sízt við: Lamarck, Platon, Empedokles, Faraday, Darwin, Schopenhauer, Swedenborg, Giordano Bruno.

EKKI meiga menn taka það, sem hér að framan hefur verið sagt sem svo, að nýölsk heimspeki sé einungis samsuða eldri hugmynda. Það er langt því frá. Það, sem mestu máli skiptir varðandi hina nýölsku heimspeki er það, sem kemur frá dr. Helga sjálfum. Hann mótar *nýja* hugsun, sem á kveikju sína í þeim fjórum meginuppsprettum, er hér að framan voru nefndar, og í persónulegri reynslu og hugsun dr. Helga sjálfs. *Nýir* hlutir fæðast út frá þeim, sem fyrir eru — allt er í órjúfandi samhengi verðandinnar og ekkert verður til úr engu.

Nýölsk heimspeki, eins og hún er lögð fram í ritum dr. Helga Pjeturss, er engin lokasmíð (að hans sjálfs sögn eins konar uppkast að tuttugu metra náttúrafraði). Ýmislegt hefur orðið til að auka á merkingu og innihald hennar, síðan hann skrifaði Nýal — t.d. beinar rannsóknir, sbr. síðasta kaflann, svo og ýmsar nýjar hugmyndir nýalssinna — einkum þeirra Þorsteins Jóns-

sonar, er ritað hefur tvær bækur um þetta efni: Tunglgeisla (3) og Samtal um íslenzka heimspeki (14) og Þorsteins Þorsteinssonar lífefnafræðings, sem ritað hefur merka ritgerð, sem hann kallar: Efni og orka og heimspeki Helga Pjeturss (15), en þar er gerð tilraun til að tengja saman kenningar dr. Helga og nútíma eðlisfræði. Og margt fleira á sjálfsagt eftir að bætast þarna við. Kenningar og tilgátur dr. Helga eru ekki lokað hugmyndakerfi, heldur hafa þær forsagnargildi — þ.e., kenningar hans og tilgátur er hægt að sanna — eða afsanna — á reynslulegum (empírískum) grundvelli vísindalegrar aðferðar. Grundvöllur þess, að þetta sé mögulegt, eru annars vegar kenningar hans sjálfs og tilgátur, sem flestar má ýmisst líta á sem vinnutilgátur (hypothesis) eða færa má þær í búning vinnutilgátu og hins vegar sá þekkingarfræðilegi grundvöllur, sem dr. Helgi byggir á.


2. *Þekkingarfræðilegur grundvöllur nýalskrar heimspeki.*

Í nýalskri heimspeki er gengið út frá þekkingarfræðilegum grundvelli vísindanna. Í stuttu máli má setja hinn þekkingarfræðilega grundvöll þannig upp:

- a. Allir hlutir eiga sér tilveru án tillits til tilveru manna, og hægt er að öðlast sanna þekkingu á öllum hlutum — þ.e., lögmál náttúrunnar eru ekki háð dutlungum manna, eins og hughyggjumenn vilja vera láta. Nýölsk heimspeki byggir sem sagt á efnishyggjunni — þ.e., að efnið sé raunverulegt og ekki háð tilveru hugsunarinnar (þó svo hugsun geti haft áhrif á efnið í vissum skilningi) — að lífið sé raunverulegt líf í efnisheimi (sbr. einnig kaflann um tilgang heimsins). Því sé hægt að öðlast örugga vitneskju um ferla og fyrirbæri heimsins með rannsóknum.
- b. Ekki er hægt að skipta ferlum og fyrirbærum heimsins í „náttúruleg“ og „yfirnáttúruleg“. Allt lýtur ákveðnum lögmálum, sem hægt er að henda reiður á. Mismunur er aðeins á milli hins þekkta og hins óþekkta.

- c. Við rannsóknir á ferlum og fyrirbærum heimsins er hin ví sindalega aðferðafræði vænlegust til árangurs. Hin ví sindalega aðferð er oft erfið og flókin í framkvæmd og stundum verður beinlínis að finna nýjar aðferðir til að rannsaka einstök fyrirbæri — og þá á þann hátt, að aðferðin fullnægi hinum almennu kröfum ví sindanna sem prófsteinn á raunveruleikann. En almennt séð er reynt að fylgja ákveðinni megin aðferð (sbr. skema).

Yfirlit yfir meginrannsóknaraðferð ví sindanna.



Athugun: aðalatriði hennar eru möguleiki endurtekningar (á þessu stranda oft athuganir á „dulrænum“ fyrirbærum) og nákvæmni.

Vandamál: þar er aðalatriðið að gera sér grein fyrir vandamálinu (þ.e., að um vandamál, eða eitthvað rannsóknarefnin, sem hægt sé að skoða í víðara samhengi, sé að ræða).

Tilgáta: er mynduð út frá viðkomandi vandamáli, svo og annarri reynslu, sé hún fyrir hendi. Tilgátuna verður síðan oft að leiðréttá í ljósi tilraunaniðurstaðna (á fyrst og fremst að leiða til heppilegra eða afgerandi tilrauna).

Kenningar: alhæfingar, meira og minna byggðar á líkum út frá viðkomandi tilraunum. Ví sindalegar kenningar verða að hafa forsagnargildi.

3. Afstaða nýalskrar heimspeki til trúarbragða og spíritisma.

Hugmundir manna um guði og mannkynsfrelsara eiga uppruna sinn í því, að sambandsnæmir menn hér á jörð hafa haft sambönd við og skynjað til lengra kominna íbúa annarra hnatta, sem þannig hafa reynt að koma mannkyni hér til hjálpar. Vanþekking og rangt hugarfar hafa hins vegar orðið til þess, að hjálpartilraunir þessar hafa ekki komið að gagni, heldur hafa þær verið misskildar og rangtúlkaðar og því oft beinlínis orðið til tjóns (sbr. trúarofstæki almennt, trúarbragðastyrjaldir, ofsóknir trúarbragðastofnana gegn þeim, sem hafa aðrar skoðanir og sýnt hafa móþróa).

Ultra religionem, non contra (út fyrir trúarbrögðin, ekki gegn þeim) eru einkunnarord Nýals, höfuðrits dr. Helga Pjeturss. — Í þessu felst viðurkenning á sannleiksneistanum í öllum trúarbrögðum, sem getið var um hér að framan, en um leið, að stunda verði sanna þekkingarleit — þ.e., rétt *þekking* er skilyrði þess, að mannkynið geti öðlast þá farseld, sem það alltaf hefur dreymt um.

Trúarbrögðin sem slík eru stöðnuð — þau byggja á ítroðslu trúarlegra atriða, sem menn ekki þurfa — og jafnvel eiga ekki — að skilja.

Þekkingarfræði nýalskrar heimspeki og trúarbrögð eiga því ekki samleið, enda þótt um mörg sameiginleg viðfangsefni sé að ræða. Samkvæmt nýalskri heimspeki er spíritismi af sama toga spunninn og trúarbrögðin. Það, sem einkum skilur þarna á milli er,

- Trúarbragðahöfundar munu að öllu jöfnu hafa haft samband við lengra komnar verur en miðlar spíritista — það er meiri „breidd“ í samböndum miðlanna, sem aðallega ákvarðast af viðkomandi stillihópum í miðilsfundum (sbr. stillilögðmálið).
- Spíritistar hafa reynt meira til þess en trúarbragðahöfundar og áhangendur þeirra að gera sér grein fyrir eðli þessara sambanda.

Spíritistar gera ráð fyrir, að þeir hafi samband við líf í andaheimi og að eftir líkamsdauðann hér flytjist

fólk til andaheims (eða andaheima). Þetta er í andstöðu við nýalska heimspeki, sem gerir ráð fyrir, að allt líf sé efnislegt (kemur reyndar víða fram í ritum spíritista — bæði samkvæmt því, sem fram kemur á miðilsfundum þeirra og í gegnum ósjálfráða skrift, að lífið „hinum megin“ sé efnislegt og talað er um mat, klæði, byggingar o. fl.).

Kenningar spíritista eru því í grundvallaratriðum ósamrýmanlegar nýalskri heimspeki, en vegna eðlis og aðferða spíritismans er hægt að verða margs vísari um líf á öðrum hnöttum með því að kynnast t. d. því, sem fram kemur á miðilsfundum þeirra og athuga það með jákvæðri gagnrýni.

4. Aftstaða nýalskrar heimspeki til annarra heimspeki-stefna.

Tvær meginstefnur eru til innan heimspekinnar: efnishygga og hughyggja. Eins og þegar hefur komið fram, byggir nýölsk heimspeki á efnishyggu, en hafnar hughyggju.¹⁾ Þetta er så grundvöllur, sem fyrst og fremst skapar hina vísindalegu þekkingarfræði nýalskrar heimspeki.

Dr. Helgi hirðir sjálfur ekki um að flokka kenningar sínar niður samkvæmt stefnum og „ismum“, en á einum stað orðar hann hugmynd sína um tilgang lífsins svo:

„Tilgangur lífsins er einmitt så, að ná fullkomnum tökum á öllum möguleikum efnis og efnisheims, hefja efnisheiminn til guðlegrar fullkomnunar.“

1) Hér verður að gæta þess, að rugla ekki saman þeim skilningi, sem í daglegu tali er oftast lagður í efnishyggu (þ.e., nokkurs konar lífsnautnastefna, sem hafnar öllu príli í upphæðir mannsandans eða eitthvað því um líkt) og hinum heimspekilega skilningi, sem lagður er í orðið — þ.e., að efnið eigi sér hlutverulegan raunveruleika (eða tilveru), án tillits til tilveru manna (eða hugsunar), skynjana eða óska.

Síðari rannsóknir, sem styðja hinar nýólsku kenningar

Ýmislegt hefur komið fram, sem styður og eykur líkurnar á kenningu dr. Helga Pjeturss. Er þær einkum eða eingöngu um að ræða rannsóknir erlendra vísindamanna, sem ekki er vitað til að hafi haft vitneskju um kenningar dr. Helga. Mun hér lauslega minnst á nokkrar þær helztu vísindalegu rannsóknarniðurstöður, sem snerta eða eru í tengslum við kenningar dr. Helga Pjeturss.

1. Rannsóknir á hugsambandi.

Sovézkir og bandarískir vísindamenn hafa nú ótvírætt sannað, að hugsamband manna á milli á sér stað (7). Þeir hafa náð áhrifum frá hugsambandi á rafvirkni heilans inn á heilalínurita, svo óyggjandi sé, í fjölmörgum tilraunum.¹⁾ Einnig hefur komið í ljós, að móttakandinn (sá, sem tekur við áhrifunum) er sér þess ekki næri alltaf meðvitandi, enda þótt það komi fram í heilalínurita eða sem breyting í blóðþrýstingi o. s. frv. Menn hafa sem sé mjög víðtæk áhrif hver á annan með einhvers konar lífsambandi. Petta er í algjöru samræmi við kenningar dr. Helga Pjeturss um hugsamband og staðfesting á þeim.

2. Draumar.

Mönnum hefur lengi þótt sjálfgefið, að draumar ættu upptök sín í dreymandanum sjálfum og því aðallega einbeitt sér að rannsóknum á draumum út frá þeirri forsendu. Ekki hefur enn tekizt að skýra eðli drauma með þeirri aðferð. En einstaka vísindamenn hafa reynt að setja drauma í samband við hugsamband — t.d. austurríkismaðurinn Wilfried Daim, en hann sýndi fram á fyrir u.þ.b. aldarfjórðungi, að hugsamband *getur* verið orsök drauma (með því að láta senda hugsanir til

1) Ekki er vitað, með hvaða hætti hugsamband berst á milli manna, en sovéskur stærðfræðingur að nafni Sishkin hefur sett fram tilgátu um, að það berist með einhvers konar bylgjum og sé ekki háð ljóshraða (7).

sofandi manns og athuga síðan drauma hans). Hins vegar reyndi hann ekki að sýna fram á, að hugsamband orsaki alltaf drauma.¹⁾ Slíkar rannsóknir hafa reyndar einnig verið framkvæmdar nú nýlega, svo sem fram kemur í eftifarandi klausu úr „Exploring the human aura“, sem út er gefin 1975 (8):

„Í Maimonidesdraumarannsóknarstofunni í Brooklyn voru sjálfboðaliðar settir í einangrunarherbergi og látnir falla þar í svefn. Elektróður heíllalínurita voru festar við höfuð þeirra og skynjarar við hornhimnur augna. Í öðru herbergi einbeitti „hugsendari“ sér að nokkru, sem rannsóknarmennirnir Stanley Krippner og Montague Ullman nefna markhlut (sem venjulega er málverk) og reyndi að koma sérstökum áhrifum til hinna sofandi. Pellar augu sjálfboðaliðanna fóru að hreyfast í svefninum, en það er ástand, sem sett er í samband v·ð drauma og á sér stað jafnhliða þeim, voru sjálfboðaliðarnir vaktir og spurdir um innihald drauma sinna. Eftir að hafa framkvæmt mikinn fjölda nákvæmlega skipulagðra tilrauna, skyrðu Krippner og Ullman svo frá, að marktæk fylgni (greinilegt samband) hefði verið á milli „myndsendinga“ hugsendarans og innihalds drauma sjálfboðaliðanna.“

Önnur atriði, sem bent gætu til, að kenningar dr. Helga Pjeturss um drauma séu réttar, eru t.d., að rafvirkni í heila manna, þegar þá dreymir er álíka mikil og í heila vakandi manns (og er sá, sem dreymir, þó vissulega ekki vakandi!) og miklu meiri en í draumlausum svefni, og að þegar menn dreymir, verða augnahreyfingar mjög tíðar — sem í vöku væri (á þetta atriði var áður minnzt). Þetta gæti orsakast af því, að augu dreymandans fylgdu augum draumgjafans eftir, þar sem hann sæi í raun með augum draumgjafans. Hafa reyndar sumir rannsóknarmenn talið, að þeir hafi fundið marktækna fylgni á milli hreyfistefnu augans í draumi og atburða í draumnum, en um þetta atriði hafa verið

1) Frá þessum rannsóknum er ýtarlega sagt í grein eftir Porstein Guðjónsson í Íslenzkri Stefnu 1956 (5).

nokkrar deilur vegna misjafns árangurs hinna ýmsu rannsóknarmanna.

3. *Lífaflsvæði líkamans.*

Ótvírætt hefur verið sýnt fram á tilveru lífaflsvæðis líkamans. Þetta er gert með því að setja lífverur í hátíðnirafsegulsvið — verður lífaflsvæðið þá sýnilegt og hægt að ljósmynda það (Kirlian-myndir) (7).

Missi lífvera hluta líkama síns án þess að deyja af völdum missisins, helzt lífaflsvæðið samt heilt og óskert í fyrrnefndu tæki (7).


Við dauða lífvera koma fram bylgjandi (púlserandi) orkusvæði frá líkama þeirra (hægt er að mæla þau með sérstöku tæki: Biological Field detecter (lífaflsvæðisnemi)) og lífaflsvæðið hverfur allt saman frá lífverunni, smátt og smátt (7).

Ekkert vita menn enn með vissu um samsetningu lífaflsvæðis lífvera.

Fjölmargt hefur nú nýlega komið í ljós varðandi lífaflsvæði líkamans. T.d. hefur tekizt að ljósmynda breytingar þær, sem verða á lífaflsvæði manna, sem læknað geta með handayfirlagningu, meðan á lækningunni stendur (sbr. mynd).

Pessi nýja vitneskja um lífaflsvæði lífvera, sem hér að framan hefur verið minnst á, er mjög veigamikil varðandi kenningar dr. Helga Pjeturss, og er hér, að segja má, fram komin staðfesting á þeirri hugmynd, sem hann gerði sér um lífaflsvæði manna og að nokkru leyti á því, hvernig hann gerði ráð fyrir, að orkumynztur (lífmyntur) dáiðna manna berist til annarra hnatta (frá lífaflsvæðinu (sbr. kaflann: samband lífs í alheimi, svo sem ljóst má vera af eftirfarandi tilvitnun í Nýal:


Um alla ævi mannsins stendur af honum geislan, sem kemur fram og safnast fyrir á aflsvæði skylds en lengra komins eða samstilltara mannkyns. Og það sem þessi geislan stefnir að án afláts er, að endurframleiða líkama, slíkan sem hún stendur af. Pegar nú maðurinn andast, losnar orka úr hinum deyjandi líkama og kemur enn fram á sama stað. Og nú skapar þessi geislan sér nýjan líkama, og að því er virðist ráða mega af ýmsum sögum



Kirlian-mynd: Af fingurgóm bandayfirlagninggalæknis. Efri mynd tekin í hvíld, en sú neðri meðan á bandayfirlagningu standur (7).

úr „andaheiminum — sem auðvitað eru ekki á engu byggðar, þó að mikið sé um misskilning, þá verður þetta með atbeina hinna lengra komnu sem fyrir eru á þeirri stjörnu.

Það, sem fjallað hefur verið um í þessum kafla — lífaflsvæði lífvera — er gott dæmi um fyrirbæri, sem



Kirlian-mynd: Laufblað. Hluti laufsins hefur verið skorið burtu (sbr. örvar), en í hátiðnirafsegulsviði kemur allt laufið fram (ógreinilegt á myndinni) (7).

skyndilega verður viðfangsefni vísindanna, en hafði ætíð áður verið talið til dulrænna eða yfirnáttúrlegra fyrirbæra — eða jafnvel báabiljur einar.

Sagnir af lýsandi geislabaug umhverfis líkama manna og af mönnum, sem haft hafa hæfileika til að sjá geislabaug þennan eru til allt frá örðfi alda til okkar daga. Vitneskja um geislabaug þennan var sem sagt byggð á fullyrðingum einstakra manna, sem töldu sig hafa sérstaka hæfileika til að sjá hann. Fyrirbæri þetta var því utan verksviðs vísindanna — þ.e., ekki var hægt að beita vísindalegri aðferð við athugun á fyrirbærinu.

Samkvæmt lýsingum á geislabaugnum verður ekki betur séð, en þarna sé á ferðinni algjörlega sama fyrirbærið og það, sem hér að framan hefur verið nefnt lífaflsvæði lífvera og hægt er að gera hverjum og einum sýnilegt með aðferð þeirri, sem lauslega var lýst í þessum kafla.

Petta einstaka dæmi sýnir vel, að ekki er hægt að fullyrða, að fyrirbæri, sem nú eru utan verksviðs vísindanna, verði það alltaf. Og því fljótfærnislegra er að telja slík fyrirbæri dulræn eða yfirnáttúruleg. Það, sem vantaði til að gera lífaflsvæði lífvera viðfangsefni vísindanna var að finna aðferð til að gera athugun á því mögulega, hvenær sem er og af hverjum sem er. Eftir að það

hafði tekizt, var ekkert lengur dulrænt við fyrirbærið, þótt eðli þess sé að vísu ekki fullkannað enn. Vafalítið eiga þannig öll fyrirbæri heimins smám saman eftir að verða viðfangsefni vísindanna, verði rétt á málum haldið.

4. *Tilraunir varðandi sambandskynjanir plantna.*

Upphafsmaður þessara tilrauna er Bandaríkjamaðurinn Cleve Backster. Með að setja plöntur í samband við næma viðnámsmæla (t.d. svokallaðan lygamæli) hefur komið í ljós, að plöntur eru mjög næmar fyrir hinum lifandi þáttum í umhverfi sínu og sýna svörun við margvislegu áreyti (áhrifum) — svo sem hugsun og líðan manna og annarra lífvera. Parna eru fram komin mjög sterk rök fyrir almennu lífsambandi á milli lífvera.

Er hér birt örstutt klausa úr bókinni „The Secret life of Plants“ (9), sem ekki er aðeins athyglisverð vegna þess, sem þar kemur fram, heldur og vegna þess, að hér er um að ræða fyrstu tilraun Backsters þessa eðlis á plöntum — tilraun, sem síðan hefur hleypt skriðu tilrauna af stað, sem vafalítið eiga eftir að bera ríkulegan ávöxt:

„Áhrifaríkasta aðferðin til að vekja nógu sterkt viðbragð hjá mannesku til að viðnámsmælir (heilalínuriti, viðnámsmælir o. fl.) geti numið það, er að ógna henni með einhverjum hætti. Backster ákvað að gera þetta við plöntuna (*Dracanea massangeana*): hann dýfði einu laufblaði plöntunar ofan í bolla með heitu kaffi. Ekkert teljandi viðbragð kom fram á mælinum. Backster velti þessu vandamáli fyrir sér um stund, og hugkvæmdist þá enn verri ógnun: hann ráðgerði að brenna laufblaðið, sem elaktróðan var tengd við. Á sama andartaki og mynd af eldi kom fram í huga hans og áður en hann hafði tóm til að teygja sig eftir eldspýtum, sýndi mælirinn geysimikla breytingu á rafvirkni plöntunnar. Backster hafði, meðan á þessu stóð, ekkert hreyft sig, hvorki í átt að plöntunni né mælinum.“

Fjöldamargt fleira maetti nefna, sem sýnir, að áhugi vísindamanna innan hinna ýmsu greina beinist inn á rannsóknarvettvang nýalskrar heimspeki, en slíkt yrði efni í þykkan doðrant og mun látið staðar numið hér.

Eftirmáli

Rit þetta um kennningar dr. Helga Pjeturss er frumtilraun til að bera þær fram í n.k. kennslubókarformi. Seinna meir verður vonandi hægt að gefa út vandaðri og sjálfrí sér fullnægjandi kennslubók. Svo sem ljóst má vera, eru ýmsir vankantar á yfirliti þessu — bæði vegna þess, að hér er, svo sem áður er sagt, um frumtilraun að ræða og eins vegna hins, að reynt var að hafa ritið eins stutt og fljótlegt yfirferðar og kostur var á. Þetta kallaði fram ýmsa vankanta, s.s. að ýmis atriði eru rædd í allt of stuttu máli og öðrum jafnvél sleppt. Þá er e.t.v. sums staðar rætt hlutfallslega meira um sum atriði en önnur, sem ekki hefði síður verið ástæða til að gera nokkuð ýtarleg skil. Vona ég þó, að tilraun þessi verði virt til betri vegar.

Sumum kann að finnast það galli á ritinu, að nokkuð er um endurtekningar á vissum atriðum. Þetta er gert í þeim tilgangi að leggja sem mesta áherzlu á þau atriði, sem mestu máli skipta eða eru í tengslum við þau.

Rétt er að geta þess, að þegar talað er um Nýal í ritinu, er að öllu jöfnu átt við nýalsbækurnar sex: Nýall, Ennýall, Þónýall, Framnýall, Samnýall, Viðnýall.

Í textanum er vitnað til heimildanna í heimildaskránni (númer heimildanna í heimildaskránni höfð innan sviga, þar sem um er að ræða tilvitnun í þær), nema þegar um frumheimildina — Nýal — er að ræða, þar eð gripið er niður í hana mjög víða í textanum, svo sem fram kemur í formála. Vil ég hveta þá lesendur, sem áhuga kunna að hafa á að kynna sér þessi málefni nánar, að athuga sjálfir heimildir þessar eftir því, sem tök eru á, því þar er í mörgum tilfellum um að ræða lykilrit um þau málefni, sem rétt hefur verið minnzt á í ritinum.

Vona ég, að lesendur hafi haft sem mest gagn og ánægju af lestrinum og að hann megi verða kveikja að frekari áhuga á þeim málefnum, sem hér hafa verið til umræðu. Ekki er að vita, nema þau eigi eftir að hafa nokkra þýðingu fyrir mannkynið í framtíðinni, svo sem hinn aukni áhugi erlendra vísindamanna á þessum og skyldum málefnum, gefur e. t. v. vísbindingu um.

Útdráttur

Gert er ráð fyrir, að s.k. *lífgeislun* sé orkumiðlari og sambandsgjafi á milli einda lífheimsins í öllum alheimi. Lífgeislun birtist í ýmsum myndum; kemur hún til leiðar víxlmögnum eða lífstarfsíleidslu, t.d. fjarhrifum eins og hugsambandi (þ. á m. draumum). Allar lífeindir alheimisins hafa með sérstökum hætti áhrif hver á aðra, ekki síður en aðrar eindir efnisheimsins.

Byggðum hnöttum í alheimi er skipt niður í *frumlífshnetti*, þar sem menn fyrst verða til og *framhlífshnetti*, en þangað flytja menn eftir dauða sinn á frumlífshnöttunum fyrir tilverknað lífgeislunarinnar. Það er því gert ráð fyrir framhaldslífi.

Nýölsk heimspeki gengur út frá efnishyggju og aðferðafræði vísindanna.

Ýmsar heimspekikennningar dr. Helga Pjeturss hafa hlotið meiri eða minni staðfestingu tilraunavísindanna.

Heimildaskrá

1. Blum, Ralph; Beyond earth: Man's contact with UFOs, Bantam Books, New York, 1974.
2. Elsa G. Vilmundardóttir, Samúel D. Jónsson; Skrá yfir ritverk dr. Helga Pjeturss, Útgáfufélagið URÐ, Reykjavík, 1974.
3. Félagsblað Nýalssinna, Félag Nýalssinna, Reykjavík.
4. Helgi Pjeturss; Nýall, Félag Nýalssinna, Reykjavík, 1955.
5. Íslenzk stefna, Félag Nýalssinna, Reykjavík.
6. Lífgeislar, Félag Nýalssinna, Reykjavík.
7. Ostrander, Sheila; Schroeder, Lynn; PSI — psychic discoveries behind the iron curtain, Abacur, London, 1973.
8. Regush, M. Nicholas; Exploring the human aura, Prentice Hall, Englewood Cliffs, 1975.
9. Tompkins, Peter; Bird, Christopher; The secret life of plants, Avon, New York, 1974.
10. Ponnamperuma, Cyril; The origins of life, Thames & Hudson, London, 1972.
11. Portno, A.A.; Fedotov, D.D.; Psychiatri, MIR — Publishers, Moskva, 1969.
12. Þorsteinn Guðjónsson, Líf er á öðrum stjörnum, Félag Nýalssinna, Reykjavík, 1973.
13. Þorsteinn Jónsson; Tunglsgeislar.
14. Þorsteinn Jónsson, Samtöl um íslenzka heimspeki,

15. Porsteinn Porsteinsson, Elsa G. Vilmundardóttir; Pættir um heimsfræði Helga Pjeturss, URÐ, Reykjavík, 1975.
16. Weverberg, Julien; Hobana, Ion; UFO'S Behind the Iron Curtain, Bantham Books, New York, 1975.
17. M. Ullman; S. Krippner: Dream Telepathy, Penguin Books, Maryland, U. S. A., 1974.

Atriðisorðaskrá

aðferðafræði	law of determinants
alkraftur	(sbr. stillilögmaðið)
almenn lögmal	lífaflsvæði
anadrome-lögmaðið	lífaflsvæðisnemi
andaheimar	lífgeislan
athugun	— lögmaðið um
bioinduction	lífheild
biological field detector	lífsamband
(sjá: lífaflsæðisnemi)	lífstefna
bioradiation (sjá: lífgeislan)	lygamælir
Backster, Cleve	magnan
Daim, Wilfried	metazón
draumgjafi	miðilsfundir
draumar	miðilssvefn
dulfræði	miðlar
efnishygga	móðursýki
fjaráhrif	náttúruvísindi
fjarsamband	Nevsis-lögmaðið
fljúgandi diskar	ofsóknaræði
framlijshnöttur	Oparin, I.A.
frumkraftur	orkumynztur
frumlífhnöttur	Paranoia (sbr. ofsóknaræði)
geðklofi	plöntur
grísk heimspeki	protozoon
guðir	REM (rapid eye movement (hraðar augnhreyfingar))
hamfarir	— svefn
handayfirlagning	sambandssjúkdómar
hátiðnirafsegulsvið	samstilling
heilalínurit	schizophrenia (sjá: geðklofi)
heimspeki nýaldar	SIDS (sudden infant death syndrome (snögg dauða- einkenni á ungbörnum))
helstefna	spíritismi
heilabylgjur	stillihópur
Helgi Guðlaugsson	stillilögmaði
hughygga	svefn
hugsamband	telepati (sjá: hugsamband)
hyperzoon	
hypothesis (sbr. vinnutilgáta)	
hysteria	

tilgáta	vinnutilgáta
tilraunir	vitsamband
tilkoma lífsins	víxlagnan
trans (sjá: miðilssvefn)	þekkingarfræði
trúarbrögð	Porsteinn Guðjónsson
uppruni heimsins	Porsteinn Jónsson
vandamál	Porsteinn Þorsteinsson
verundur	þróun jarðlífs
vísindaleg kenning	

*Ólafur Halldórsson,
kennari í líffræði.*

BÆKUR OG TIMARIT

- TIL PIN. Ljóðabók eftir Portein Jónsson á Ulfstöðum, Útg. 1956, 136 s. Verð kr. 40,00.
- LÍF ER A ØDRUM STJÓRNUM, eftir Portein Guðjónsson. Útg. 1974. Kennaing Dr. Helga Pjeturs í ljósí myrra staðreyndá, 70 s. Verð kr. 20,00.
- DRAUMAR OG SVEFN, eftir Portein Jónsson á Ulfstöðum. Útg. 1975. 84 síður. Verð kr. 30,00.
- ASTROBIOLOGY, The Science of the Universe, eftir Portein Guðjónsson. Útg. 1976. 208 síður. Verð kr. 30,00.
- GUDIRNIR A STRÍUSI. Vitrana saga eftir K. O. Schmidt, í byg-ingu Þorsteins Guðjónssonar. Útg. 1978. 98 síður. Verð kr. 30,00.
- MALPINING ISLENDINGA, um fyrsta heimspekingum og frambald tilfisins, eftir Þorstein Guðjónsson. Útg. 1979. 208 síður. Verð kr. 80,00 í bandi, í pappritskiðju kr. 50,00.

LÍFGEISLAR, tilmárit um lífsambönd við aðrar stjórnur.

1. Árgangur, 1975. 5 hefti (nr. 1—5) 180 bls. kr. 30,00.
2. Árgangur, 1976. 5 hefti (nr. 6—10) 180 bls. kr. 30,00.
3. Árgangur, 1977. 5 hefti (nr. 11—15) 180 bls. kr. 30,00.
4. Árgangur, 1978. 5 hefti (nr. 16—20) 180 bls. kr. 40,00.
5. Árgangur, 1979. 5 hefti (nr. 21—25) 180 bls. kr. 40,00.
6. Árgangur, 1980. 5 hefti (nr. 26—30) 180 bls. kr. 50,00.

Póntum um afanskráð rit veit vötukaka í s. 41006 eða í Postbólf 722, Reykjavík.

LÍFGEISLÁUTGAFAN, Postbólf 722, Reykjavík, sinni 41006.

EFNISYFIRLIT:

YFIRLIT YFIR KENNINGAR DR. HELGA PJETURSS, EFTIR ÓLAF HALLDÓRSSON

Formáli	Bls. 39
Viðfangsefni og markmið nýalskrar heimspeki	— 41
Viðfangsefni hinnar nýölsku heimspeki.	
Markmið hinnar nýölsku heimspeki.	
Almenn og sérstæð lögmál hinnar nýölsku heimspeki ...	— 41
1. Sérstæð lögmál:	
a) Lögmálið um lífgeislan.	
b) Lögmálið um víxlmagnan.	
c) Nevis-lögmálið.	
d) Anadrome lögmálið.	
e) Lögmálið um hugsamband sem orsök drauma.	
f) Stillilögmálið.	
g) Hið almenna þróunarlögmál lífsins.	
2. Almenn lögmál.	
Heimsmynd hinnar nýölsku heimspeki	— 46
1. Uppruni heimsins.	
2. Tilkoma lífsins.	
3. Próun jarðlíf.	
4. Samband lífs í alheimi.	
5. Guðshugmyndir manna og guðir sem fyrirmyn dir manna.	
6. Tilgangur heimsins.	
Hugmyndafræðilegur grundvöllur nýalskrar heimspeki ...	— 55
1. Sögulegur grundvöllur.	
2. Pekkingarfræðilegur grundvöllur nýalskrar heimspeki.	
a) Lögmál náttúrunnar óháð hugsun manna.	
b) „Náttúrleg“ og „yfirnáttúrleg“ fyrirbæri.	
c) Rannsókn á ferlum og fyrirbærum heimsins.	
3. Afstaða nýalskrar heimspeki til trúarbragða og spíritisma.	
a) Trúarbragðahöfundar.	
b) Spíritistar.	
4. Afstaða nýalskrar heimspeki til annarra heimspekistefna.	
Síðari rannsóknir, sem styðja hinar nýölsku kennningar ...	— 61
1. Rannsóknir á hugsambandi.	
2. Draumar.	
3. Lífaflsvæði líkamans.	
4. Tilraunir varðandi sambandsskynjanir plantna.	
Eftirmáli	— 61
Útdráttur	— 68
Heimildaskrá	— 68
Atriðaorðaskrá	— 69
Myndir eru á bls. 51, 52, 64, 65.	
Skema eru á bls. 47, 56, 58.	
Pyrilvetrarbraut séð úr nálægð (Sjá forsíðumynd). I. A.	— 38